

Viðskiptaskilmálar Kaupmannssamnings

1. Gildissvið, aðilar og megintilgangur

- 1.1. Þessir skilmálar gilda um samstarf Sýnar (Vodafone) og Kaupmanns á sviði greiðsluþjónustu og kveða á um réttindi og skyldur beggja aðila í því samstarfi. Skilmálarnir og Verðskrá Sýnar (Vodafone) fyrir greiðsluþjónustu, eins og þeir eru á hverjum tíma, eru óaðskiljanlegur hluti Kaupmannssamnings Sýnar (Vodafone) við Kaupmann.
- 1.2. Sýn hf, kt. 470905-1740 (hér eftir kallað Vodafone) er fjölbreyttur þjónustuaðili á íslenskum markaði sem meðal annars hefur tryggt sér einkaleyfis-endursölusamninga við Fjárflæði ehf. og í gegnum þá við alþjóðlega færsluhirða til að koma á greiðsluþjónustusambandi við íslenska kaupmenn sem selja vörur og/eða þjónustu til viðskiptavina sinna. Vodafone á frumkvæði að uppsetningu viðskiptasambands við kaupmenn og veitir þeim ráðgjöf og framlínuþjónustu við móttöku greiðslukorta í tengslum við færsluhirðingarsamning.
- 1.3. Þeir færsluhirðar sem Vodafone starfar með hverju sinni eru allir greiðsluþjónustuveitendur sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og eru undir eftirliti fjármálaeftirlits/eftirlitsaðila í því ríki. Þeir hafa allir framlengt starfsleyfi sín til Íslands með viðeigandi tilkynningum til eftirlitsaðila á Íslandi og í heimaríki sínu. Færsluhirðarnir hafa jafnframt, samkvæmt samningum við alþjóðleg kortasamtök, Principal Member leyfi til að færsluhirða og vinna færslur til heimildargjafar, fjárhagsfærslna og uppgjörs.
- 1.4. Skilmálar þessir taka gildi þann 01.02.2022 og fella úr gildi fyrri skilmála.

2. Orðskýringar

- 2.1. Afgreiðslubúnaður: Búnaður sem gerir Kaupmanni mögulegt að taka á móti greiðslukortum, hvort sem korthafi er á staðnum (t.d. Posi) eða í gegnum netið (t.d. Netgátt).
- 2.2. Færsluhirðir: Sá færsluhirðir (greiðsluþjónustuveitandi) sem Vodafone starfar með hverju sinni og sem starfar undir leyfi (principal member) eins eða fleiri kortasamtaka (t.d. Visa og/eða MasterCard).
- 2.3. Greiðslukort: Greiðslumiðill, svo sem hefðbundin greiðslukort, snertilaus kort, greiðslukort í snjalltækjum o.fl. sem gefið er út í samræmi við reglur kortasamtakanna.
- 2.4. Greiðsluþjónusta: Framkvæmd greiðslna á og af greiðslureikningi hjá greiðsluþjónustuveitanda notanda með greiðslukorti eða sambærilegum búnaði.
- 2.5. Greiðsluþjónustuveitandi: Er sá aðili sem hefur starfsleyfi til að starfrækja greiðsluþjónustu á Íslandi eða í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Fjallað er nánar um greiðsluþjónustuveitendur í Lögum um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.
- 2.6. Interchange plús plús (I++): Verð eru sett fram í 12 verðflokkum byggt á uppruna korts og tegund korts. I++ er verðmódel sem virkar þannig að Kaupmaður tekur á sig beina greiðslu á tveimur breytilegum gjöldum samkvæmt verðskrá kortasamtakanna hverju sinni. Fyrri gjaldið er svokallað millikortagjald (Interchange) sem er tekjur til útgefanda kortsins sem notað var til að framkvæma ákveðna færslu. Seinna gjaldið er summa af margvíslegum gjöldum kortasamtakanna (Scheme fees), t.d. Visa og MasterCard, fyrir sinn þátt í framkvæmd færslunnar. Þessi gjöld rukkast því óbreytt af veltu Kaupmanns eins og þau eru lögð á af kortasamtökunum. Önnur færslutengd gjöld (þóknunarálag) sem Kaupmaður þarf að greiða eru samningsatriði í þessum samningi.
- 2.7. Kaupmaður: Rekstraraðili sem leitast eftir því að selja vörur og/eða þjónustu til korthafa (handhafa greiðslukorta) og er með undirritaðan Kaupmannssamning (þjónustukaupandi) við Vodafone og undirritaðan Færsluhirðingarsamning við færsluhirði sem er í samstarfi við Vodafone.

- 2.8. Kaupmannskort: Frá ákveðnum færsluhirði fylgir sérstakt kort með öllum posum sem er aðgangskort Kaupmanns gagnvart ákveðnum aðgerðum/stillingum í posanum. Posinn biður um að þetta kort sé straujað í posanum til þess að hægt sé að klára ákveðnar aðgerðir/stillingar.
- 2.9. Kortasamtök: VISA, MasterCard og önnur þau kortasamtök sem færsluhirðir í samstarfi við Vodafone hefur á hverjum tíma heimild frá til að bjóða færsluhirðingarþjónustu.
- 2.10. Netgátt: Afgreiðslubúnaður/Greiðslugátt sem gerir Kaupmanni mögulegt að taka á móti greiðslukortum af vefverslun (netviðskipti).
- 2.11. Posi: Afgreiðslubúnaður sem gerir Kaupmanni mögulegt að taka á móti greiðslukortum á mannaðri afgreiðslustöð á þeim tíma sem færslan er gerð.
- 2.12. Þóknunarálag: Öll færslutengd gjöld sem Kaupmanni ber að greiða Vodafone fyrir þjónustu samkvæmt Kaupmannssamningi (önnur en millikortagjöld og gjöld kortasamtakanna), s.s. veltutengd þóknun og færslugjald.

3. Þjónusta Vodafone við samningsbundinn Kaupmann

- 3.1. Vodafone veitir ráðgjöf og þjónustu á sviði greiðsluþjónustu og aðstoðar Kaupmanninn við móttöku á greiðslukortum við sölu á vöru og þjónustu. Þetta gerist með því að Vodafone semur við Kaupmanninn um verð fyrir greiðsluþjónustuna og kemur honum í uppsetningu og samningssamband (viðbótarsamningur) við alþjóðlegan færsluhirði sem er í samstarfi við Vodafone. Markmið Vodafone er að leita ávallt leiða til þess að bjóða Kaupmanninum bestu mögulegu kjör og þjónustu hverju sinni með markvissum samningum við alþjóðlega samstarfsaðila á sviði greiðsluþjónustu.
- 3.2. Vodafone sér um uppsetningu viðskiptavinar og afgreiðir hann um notendaupplýsingar, s.s. í tengslum við posa og þjónustuvef færsluhirðis.
- 3.3. Vodafone býður upp á leigu á afgreiðslubúnaði (posa og netgátt) og kaup á rekstrarvörum gegn gjaldi sem birtist í verðskrá á vefsvæði Vodafone. Kaupmenn geta aðeins notað búnað sem viðurkenndur er af viðkomandi færsluhirði.
- 3.4. Vodafone þjónustar samningsbundinn Kaupmann varðandi þau mál sem upp koma, s.s. kennslu, fyrirspurnir eða bilanir og nýtir hjálp frá samstarfsaðilum þar sem þurfa þykir.
- 3.5. Vodafone mun í samstarfi við færsluhirði fylgjast með að öll gjöld í tengslum við þennan samning séu innheimt með eðlilegum og réttum hætti af Kaupmanni. Hér er vitnað til allra gjalda sem samið er um í samningi þessum, gjalda sem tilheyra verðskrá og/eða skilmálum Vodafone fyrir færsluhirðingu sem finna má á vefsíðu Vodafone, gjalda sem fallið geta til vegna sannanlegra brota á samningi eða skilmálum (þ.m.t. gjöld eða sektir frá færsluhirði eða kortasamtökum), gjalda sem falla til vegna viðbótarsamninga (s.s. varðandi viðbótarþjónustu) og gjalda sem falla til vegna samnings við færsluhirði sem hluti af heildarsamstarfi þessara þriggja aðila (Vodafone, Kaupmanns og færsluhirðis). Flest gjöld verða dregin frá veltu Kaupmanns í uppgjöri færsluhirðis en ákveðin gjöld verða innheimt beint af Vodafone í gegnum útgefna reikninga. Við val á þessum tveimur leiðum er tekið mið af einföldun ferla fyrir alla aðila, áhættustýringu og að uppfylla lög um skattalega meðferð.
 - 3.5.1. Kaupmaður skal greiða fyrir útskrift greiðsluseðla, svokallað seðilgjald, og fyrir birtingu kröfu í heimabanka samkvæmt gildandi gjaldskrá Vodafone.
 - 3.5.2. Kaupmaður ber fulla ábyrgð á greiðslum til Vodafone vegna þjónustunnar og þeirrar notkunar sem á sér stað á þjónustu eða búnaði, óháð því hvort Kaupmaður hafi heimilað notkunina eða ekki.
 - 3.5.3. Reikningstímabil vegna útgefna reikninga frá Vodafone miðast við almanaksmánuð og er útgáfudagur reikninga í lok mánaðar. Eindagi reikninga er 2. virki dagur þar næsta mánaðar, gjalddagi er 7 dögum fyrr. Sé reikningur ekki greiddur á eindaga skal Kaupmaður greiða dráttarvexti, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr.

38/2001, frá og með gjalddaga til greiðsludags, auk þess sem gjald vegna innheimtuviðvörunar leggst á kröfu við útsendingu 2 dögum eftir eindaga.

- 3.5.4. Þegar krafa hefur verið send frá Vodafone til innheimtufyrirtækis ber Kaupmanni að snúa öllum sínum samskiptum og greiðslum til viðkomandi innheimtufyrirtækis.
 - 3.5.5. Sem úrræði í vanskilainnheimtu hefur Vodafone leyfi til að nýta samstarf við færsluhirði til að láta hann skuldfæra óinnheimt gjöld af uppgjöri færsluhirðis við Kaupmann.
 - 3.5.6. Ef Kaupmaður hefur athugasemdir við reikninga verður hann að láta vita um þær án tafar og eigi síðar en á gjalddaga/eindaga. Að öðrum kosti telst reikningurinn samþykktur.
- 3.6. Í tilfellum þar sem Kaupmaður hefur áunnið sér auglýsingainneign þá verður haldið utan um stöðu slíkrar inneignar í viðskiptamannagagnagrunni Vodafone. Inneignina er hægt að nýta við kaup á auglýsingum á miðlum Vodafone, hvort sem það er gert í gegnum þjónustufulltrúa auglýsingadeildar eða í gegnum sjálfsafgreiðslubúnað Vodafone fyrir auglýsingar.

4. Skyldur Kaupmanns

4.1. Umsókn og áreiðanleikakönnun.

4.1.1. Kaupmaður þarf að fara í gegnum umsóknarferli hjá þeim færsluhirði sem Vodafone leggur til hverju sinni. Í því ferli þarf að fylla út umsóknarform og leggja fram gögn sem notuð verða til þess að framkvæma áreiðanleikakönnun, þ.e.a.s. að meta viðskiptahætti Kaupmanns, áhættu í viðskiptamódeli hans, bera kennsl á eigendur (KYC) og fara yfir atriði sem snúa að aðgerðum gegn peningþvætti (AML). Færsluhirðir mun í framhaldinu meta og taka ákvörðun um það hvort Kaupmaður verður samþykktur í viðskipti og hvort þörf sé á einhverjum tryggingum.

4.1.2. Vodafone mun sjá um að afla gagna frá Kaupmanni fyrir hönd færsluhirðis til að áður nefnd áreiðanleikakönnun geti átt sér stað. Kaupmaður skal án tafar afhenda Vodafone þau gögn/upplýsingar, eða veita færsluhirði heimild til að afla gagna/upplýsinga, þ.m.t. veita færsluhirði heimild til að óska eftir gögnum frá CreditInfo (eða öðrum sambærilegum aðila), sem kunna að vera nauðsynlegar vegna áreiðanleikakönnunar og/eða annars mats.

4.2. Upplýsingaskylda

4.2.1. Kaupmaður skal án tafar upplýsa Vodafone skriflega um allar meiriháttar breytingar er varðar aðstæður eða starfsemi Kaupmanns sem áhrif geta haft á samning þennan, samning við færsluhirði eða heildarsamsamstarfið milli Vodafone, Kaupmanns og færsluhirðis. Jafnframt skal Kaupmaður upplýsa um breytingar á aðaltengilið Kaupmanns, netfangi Kaupmanns eða önnur atriði sem áhrif geta haft á eðlilegt samskiptaferli í tengslum við samning þennan.

4.2.2. Kaupmaður ábyrgist eftirfarandi:

4.2.2.1. Að allar upplýsingar sem hann eða einhver á hans vegum veitir Vodafone á gildistíma samnings þessa séu réttar og sannar og það séu engar upplýsingar sem áhrif geta haft á framkvæmd samningsins sem hann hefur ekki veitt Vodafone; og

4.2.2.2. Að hann muni upplýsa Vodafone þegar í stað breytist aðstæður Kaupmanns með þeim hætti að áhrif hafi á gildi samstarfs hans við Vodafone eða Kaupmaður verði þess var að yfirlýsingar sem hann veitti í tengslum við samningagerð við Vodafone hafi verið rangar. Ef aðstæður eða upplýsingar á samningstíma leiða til þess að færsluhirðir kalli eftir sérstakri úttekt á Kaupmanni þá tekur Vodafone engan þátt í kostnaði við slíka úttekt.

4.3. Trúnaðarskylda: Kaupmaður skal í hvívetna gæta trúnaðar gagnvart Vodafone, færsluhirðum, kortasamtökum og korthafa vegna viðskipta þeirra á milli. Kaupmanni ber að gæta fyllsta trúnaðar vegna allra þeirra upplýsinga og gagna sem hann fær aðgang að í tengslum við samning þennan. Kaupmanni er óheimilt á nokkurn hátt að ljóstra upp um einstaka efnisþætti samnings þessa til óviðkomandi aðila. Framangreindar skyldur eru ótímabundnar og haldast óbreyttar eftir að samningi

Þessum lýkur. Við lok þessa samnings skal öllum gögnum sem geyma trúnaðarupplýsingar eða upplýsingar um Vodafone og eru í vörslu Kaupmanns skilað strax til Vodafone.

4.4. Upplýsingaöryggi

- 4.4.1. Vodafone hefur fengið ISO/IEC 27001 vottun og stýrir stjórnkerfi upplýsingaöryggis í samræmi við kröfur hennar.
- 4.4.2. Kaupmaður ber ábyrgð á að tryggja öryggi upplýsinga og kortaupplýsinga sem miðlað er í tengslum við móttöku korts.
- 4.4.3. Tafarlaust skal tilkynna Vodafone um tap, stuld, misnotkun eða aðra óheimila notkun afgreiðslubúnaðar eða annarra kerfa sem notuð eru við meðhöndlun kortaupplýsinga eða grun um slíka notkun.
- 4.4.4. Ef upp kemur grunur um öryggisrof eða annars konar atvik sem kann að varða öryggi er Kaupmanni skylt að tilkynna Vodafone tafarlaust um slíkt. Vodafone skal vera heimilt að deila slíkum upplýsingum með færsluhirði, kortasamtökum og/eða viðeigandi yfirvöldum.
- 4.4.5. Kaupmaður skal sýna fulla samvinnu við úrlausn öryggis- og/eða svikamála og skal bera allan kostnað sem kann að hljóta af mögulegu broti á upplýsingaöryggi og/eða nauðsynlegri rannsókn/úttekt varðandi slík mál.

5. Persónuvernd

- 5.1. Ákvæði þessa kafla kveður á um kröfur og skilyrði sem aðilum ber að uppfylla í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt Kaupmannssamningi aðila og samkvæmt lögum um persónuvernd nr. 90 frá 2018.
- 5.2. Tilgangur vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt Kaupmannssamningi aðila er:
 - 5.2.1. Að Vodafone geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningi þessum, þ.m.t. miðlun gagna frá Kaupmanni til færsluhirðis fyrir áreiðanleikakönnun, aðgangur að uppsetningar- og veltugögnum Kaupmanns á þjónustuvef til þess að geta svarað fyrirspurnum og veitt almenna greiðsluþjónustu.
 - 5.2.2. Að Kaupmaður geti boðið viðskiptavinum sínum að greiða fyrir vöru eða þjónustu með greiðslukorti eða öðrum greiðsluleiðum sem færsluhirðir í samstarfi við Vodafone býður hverju sinni. Í þessu felst fyrir Kaupmann notkun á afgreiðslubúnaði, að taka við greiðslukorti sem greiðslumáta, senda heimildabeiðnir og fjárhags- og uppgjörsfærslur til færsluhirðis.
- 5.3. Færsluhirðir er eigandi allra gagna og upplýsinga sem notaðar eru við vinnslu færslna og eru í færslukerfi og þjónustuvef færsluhirðis, svo sem upplýsingar tengdum kortum og/eða korthöfum.
- 5.4. Færsluhirðir er Ábyrgðaraðili upplýsinga frá bæði korthafa og Kaupmanni. Vodafone er Vinnsluaðili upplýsinga frá bæði korthafa og Kaupmanni. Kaupmaður er Vinnsluaðili upplýsinga frá korthafa.
- 5.5. Vinnsla persónuupplýsinga tekur til kaupmannsupplýsinga, kortahafa- og færsluupplýsinga (sem Kaupmaður afhendir og/eða sem finna má á þjónustuvef færsluhirðis) og annarra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til þess að Kaupmaður, Vodafone og færsluhirðir geti veitt greiðsluþjónustu eða tengda þjónustu samkvæmt Kaupmannssamningi aðila.
- 5.6. Vodafone er heimilt að miðla upplýsingum um Kaupmann, samstarfsaðila og/eða aðra sem tengjast Kaupmanni sem og öðrum upplýsingum sem Vodafone/færsluhirðir fær aðgang að í tengslum við veitingu þjónustunnar í eftirfarandi tilfellum:
 - 5.6.1. Til að uppfylla samningsskyldur, t.d. miðlun Kaupmannsgagna til færsluhirðis;
 - 5.6.2. Til að uppfylla lagaskyldur, m.a. á grundvelli laga um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, í samskiptum við yfirvöld, í skattalegum tilgangi eða til að verjast réttarkröfu;
 - 5.6.3. Þegar meta þarf láns hæfi og/eða aðra áhættu í tengslum við tiltekna einstaklinga eða lögaðila;
 - 5.6.4. Til að bæta og þróa þjónustu Vodafone/færsluhirðis;og/eða

- 5.6.5. Ef Vodafone er í söluferli eða aðrar skipulagslegar breytingar fela í sér breytingar á starfsemi fyrirtækisins sem hafa áhrif á hvar upplýsingarnar eru unnar að því tilskyldu að viðeigandi öryggis og trúnaðar sé gætt.
- 5.7. Kaupmaður og Vodafone mega aðeins vinna persónuupplýsingar á þann hátt sem er nauðsynlegur til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt Kaupmannssamningi aðila, löggjöf um persónuvernd eða samkvæmt fyrirmælum yfirvalda.
- 5.8. Kaupmaður og Vodafone skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að uppfylla réttindi einstaklinga samkvæmt löggjöf um persónuvernd, þar með talið aðgangsréttinn, réttinn til leiðréttingar, réttinn til eyðingar persónuupplýsinga, réttinn til að andmæla vinnslu eða takmarka hana og réttinn til að þurfa ekki að sæta sjálfvirkri ákvarðanatöku;
- 5.9. Aðilar skulu gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra persónuupplýsinga sem þeir vinna með.
- 5.10. Kaupmaður ábyrgist að halda Vodafone skaðlausu í tengslum við hvers konar kostnað sem Vodafone kann að þurfa að greiða vegna vanefnda Kaupmanns í tengslum við reglur um tilkynningu um persónuverndar- og/eða öryggisbrot.
- 6. Færsluhirðingarþjónusta**
- 6.1. Skilyrði fyrir virkum Kaupmannssamning við Vodafone er að Kaupmaður sé jafnframt með gildan og virkan færsluhirðingarsamning við færsluhirði sem er í samstarfi við Vodafone.
- 6.2. Ef Kaupmaður er samþykktur í viðskipti hjá færsluhirði þarf að skrifa undir sérstakan færsluhirðingarsamning (ásamt viðeigandi skilmála færsluhirðis) milli Kaupmanns og færsluhirðis. Kaupmaður skuldbindur sig til að kynna sér og fylgja þeim reglum sem gilda hverju sinni um kortaviðskipti. Þá skuldbindur Kaupmaður sig jafnframt til að fylgja í einu og öllu fyrirmælum sem kunna að berast frá færsluhirði og/eða Vodafone.
- 6.3. Móttaka greiðslukorta: Kaupmanni er heimilt að taka á móti greiðslukortum samkvæmt samningi sem gerður er við færsluhirði sem Vodafone starfar með hverju sinni. Kaupmanni ber í einu og öllu að fylgja reglum færsluhirðis sem koma fram í færsluhirðingarsamningi og skilmálum hans og jafnframt öllum reglum kortasamtakanna (s.s. Visa og MasterCard) hverju sinni. Sem dæmi þá má finna reglur VISA og MasterCard á vefsvæðum þeirra, www.visa.com og www.mastercard.com.
- 6.4. Vodafone, Fjárlæði og Færsluhirðir vinna stöðugt að því að aðlaga alþjóðlegar vörur að Íslenskum markaði og/eða þróa nýjar vörur og lausnir til hagsauka fyrir kaupmenn. Í framtíðinni munu því koma inn nýjar vörur, þjónustur og/eða fjártæknilausnir sem standa kaupmönnum til boða. Vodafone/Fjárlæði/Færsluhirðir áskilja sér rétt til að innleiða slíkar nýjungar, t.d. inn í hugbúnað færsluhirðis í posa, svo það verði tilbúið til notkunar við fyrsta mögulega tækifæri fyrir alla kaupmenn á stöðluðum kjörum. Kaupmaður hefur ávallt rétt á því að hafna slíkum viðbótum eða fara fram á endurskoðun á stöðluðum kjörum.
- 6.5. Þjónustuvefur
- 6.5.1. Vodafone aðstoðar við uppsetningu viðskiptavinar og afgreiðslu notendaupplýsinga, s.s. í tengslum við þjónustuvef færsluhirðis.
- 6.5.2. Notanda þjónustuvefs ber að kynna sér upplýsingar um öryggisráðstafanir vegna notkunar þjónustuvefsins sem honum eru láttnar í té eða sem finna má á vefnum.
- 6.5.3. Þegar starfsmaður sem hefur aðgangsheimild að þjónustuvef lætur af störfum skal Kaupmaður þegar í stað láta loka aðgangi hans. Sama máli gegnir ef Kaupmaður ákveður að fella niður aðgangsheimild starfsmanns enda þótt ekki sé um starfslok að ræða. Þá áskilur Vodafone sér rétt til að loka aðgangi einstakra notanda Kaupmanns að þjónustuvefnum ef þeir eru ekki virkir í 6 mánuði. Ef Kaupmaður hefur ekki verið með veltu í tengslum við Kaupmannssamning sinn við

Vodafone í tólf (12) mánuði er Vodafone heimilt að óvirkja aðganga notenda hans og eyða aðgöngunum þremur (3) mánuðum þar á eftir.

- 6.5.4. Kaupmaður ábyrgist að núverandi og fyrrverandi starfsmenn sem hafa aðgangsheimild að þjónustuvef hafi kynnt sér efni þessara skilmála, ásamt reglum og leiðbeiningum færsluhirðis, og skuldbindi sig til að varðveita öryggisupplýsingar með öruggum hætti. Kaupmaður ber ábyrgð á varðveislu öryggisupplýsinga sem og öllum aðgerðum sem gerðar eru á þjónustuvefnum.
- 6.5.5. Kaupmanni ber á eigin kostnað að leggja til allar tölur og tengingar, bæði hugbúnað og vélbúnað, til að geta nýtt þjónustuvefinn. Kaupmaður ábyrgist að búnaðurinn sé fullnægjandi og standist á hverjum tíma þær kröfur sem þarf til þess að unnt sé að nota þjónustuvefinn.
- 6.5.6. Vodafone ber ekki ábyrgð á tjóni vegna notkunar á þjónustuvef sem hlýst af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun Kaupmanns, starfsmanna hans eða annarra. Vodafone ber ekki ábyrgð á tjóni sem stafar af því að búnaður Kaupmanns virkar ekki sem skyldi.

6.6. Markaðssetning

- 6.6.1. Kaupmanni ber að staðaldri og á áberandi hátt að auglýsa þau greiðslukort sem hann skal veita viðtöku samkvæmt Kaupmannssamningi við Vodafone. Merkimiða og annað kynningarefni lætur Vodafone honum í té endurgjaldslaust og Kaupmaður skuldbindur sig til að nota það. Notkun hans á vörumerkjum Vodafone, hvort sem þau eru skrásett eða ekki og öðru kynningarefni, felur ekki í sér neins konar framsal á eignarrétti eða höfundarrétti yfir þeim. Vodafone greiðir ekki fyrir birtingu vörumerkja Vodafone, hvorki á sölustað né í auglýsingum. Reglur um meðferð vörumerkja kortasamtakanna má finna á vefsvæðum kortasamtakanna, t.d. <https://merchantsignage.visa.com/>, <https://brand.mastercard.com/brandcenter.html> og <https://marketingcenter.mastercard.com/portal/Registration/login.aspx>.
- 6.6.2. Kaupmanni er frjálst að auglýsa í fjölmiðlum eða með öðrum hætti að hann taki við greiðslukortum á meðan samningur hans við Vodafone er í gildi. Kaupmanni ber að nota vörumerki Vodafone í samræmi við fyrirmæli þess á hverjum tíma. Sé um að ræða notkun á skrásettum vörumerkjum Vodafone skulu þau eingöngu notuð í þeirri mynd sem þau eru skrásett og fylgja skal reglum Vodafone og Brand Guide frá Vodafone Group (þar sem það á við), um notkun hverju sinni.
- 6.6.3. Kaupmanni er óheimilt að nota vörumerki Vodafone hvort heldur sem þau eru skráð eða óskráð nema í tengslum við þá þjónustu sem Vodafone veitir Kaupmanni á grundvelli þessa samnings. Þá er Kaupmanni jafnframt óheimilt að nota markaðsefni sem vísar til Vodafone, færsluhirðis eða kortasamtakanna án fyrirfram gefins samþykkis Vodafone.
- 6.6.4. Við samningslok er Kaupmanni skylt að hætta allri notkun vörumerkjanna, þ. á m. merkimiða og annars kynningarefnis frá Vodafone. Þá skal Vodafone, færsluhirðum og/eða kortasamtökum, óháð samningslokum, vera heimilt að krefjast þess að Kaupmaður hætti notkun merkimiða eða annars kynningarefnis Vodafone, færsluhirða eða kortasamtakanna og skal Kaupmaður hlíta slíkri kröfu komi hún fram.
- 6.6.5. Vodafone er frjálst að nota nafn og/eða fyrirtækja vörumerki Kaupmanns í markaðslegum tilgangi til að Vodafone fram á dæmi um viðskiptavinum Vodafone í greiðsluþjónustu.

7. Afgreiðslubúnaður

- 7.1. Posi: Vodafone leggur Kaupmanni til posa gegn leigugjaldi sem birt er í verðskrá hverju sinni. Kaupmaður mun mánaðarlega greiða af posa leigugjald og jafnframt mun Kaupmaður á eigin kostnað sjá um rekstrartengdar vörur sem nauðsynlegar eru fyrir posa til þess að geta selt, leitað heimilda og fl. Kaupmanni er ekki heimilt að eiga við posabúnað þann sem Vodafone skaffar hverju sinni. Vodafone/færsluhirðar tryggja að þeir posar sem í boði eru hverju sinni standist allar kröfur alþjóðlegu kortasamtakanna.

- 7.2. Netgátt: Vodafone leggur Kaupmanni til Netgátt (í samvinnu við færsluhirði) gegn gjaldi sem birt er í verðskrá hverju sinni. Kaupmaður mun mánaðarlega greiða af Netgáttinni leigugjald. Kaupmanni er ekki heimilt að eiga við Netgátt sem Vodafone skaffar hverju sinni. Vodafone/færsluhirðar tryggja að Netgátt standist allar kröfur alþjóðlegu kortasamsamtakanna.
- 7.3. Almennt um leigu á afgreiðslubúnaði
- 7.3.1. Vodafone annast afhendingu afgreiðslubúnaðar til Kaupmanns þegar við á (posi) og útvegar nauðsynlegar upplýsingar til að Kaupmaður komist af stað við uppsetningu á netgátt þegar það á við. Vodafone veitir Kaupmanni einnig nauðsynlegar upplýsingar um notkun og virkni búnaðarins.
- 7.3.2. Kaupmaður ber ábyrgð á því að tenging afgreiðslubúnaðarins við símkerfi fjarskiptafyrirtækja sé virk. Hann greiðir allan símakostnað, lagnir og annan rekstrarkostnað sem fellur til vegna notkunar á búnaðinum nema um annað sé sérstaklega samið.
- 7.3.3. Vodafone er heimilt að krefja Kaupmann um sérstaka tryggingu vegna leigu á afgreiðslubúnaði til hans.
- 7.3.4. Vodafone annast viðhald og endurnýjun afgreiðslubúnaðar og ber Kaupmanni að gæta hans og fara vel með hann. Kaupmaður ber ábyrgð á rétttri notkun búnaðar. Bili búnaður skal Kaupmaður tilkynna það þegar í stað til Vodafone. Ef nauðsyn krefur skal senda búnaðinn til Vodafone eða aðila sem Vodafone tilnefnir sem skiptir honum út fyrir annan innan sólarhrings frá móttöku hans. Kaupmaður greiðir kostnað við viðgerð á búnaði stafi bilun af rangri, slæmri eða gáleysislegri meðferð á honum. Sama máli gegnir ef búnaður í vörslu Kaupmanns glatast eða eyðileggst á leigutíma og rekja má tjónið til ásetnings eða gáleysis af hálfu Kaupmanns. Vodafone er þá heimilt að innheimta andvirði tjónsins, sem skal nema jafnvirði endurkaupaverðs nýs sambærilegs búnaðar eins og það er á hverjum tíma.
- 7.3.5. Eignarréttur á afgreiðslubúnaði í útleigu helst ætíð hjá Vodafone/færsluhirði og getur Vodafone krafist þess að búnaðurinn sé merktur Vodafone með auðkenni sem Vodafone lætur Kaupmanni í té. Meðan Kaupmannssamningur um leigu búnaðar er í gildi má Kaupmaður ekki framselja öðrum búnaðinn, veita öðrum aðila afnot af honum eða afhenda hann með öðrum hætti án skriflegs samþykkis Vodafone. Kaupmanni er óheimilt að breyta búnaðinum, láta gera breytingar á búnaðinum, skeyta honum við eða blanda saman við aðra eign sína eða þriðja aðila nema að fengnu skriflegu samþykki Vodafone.
- 7.3.6. Öll misnotkun Kaupmanns á þeirri aðstöðu sem Kaupmannssamningurinn veitir honum eða á þeim búnaði sem hann leigir af Vodafone, s.s. með óheimilum viðskiptum eða endurgreiðslum, er óheimil og réttlætir riftun samningsins og mögulegra sérsamninga af hálfu Vodafone.
- 7.3.7. Við uppsögn, riftun eða lok samnings ber Kaupmanni að skila Vodafone öllum þeim búnaði sem hann hefur haft á leigu hjá Vodafone.
- 7.3.8. Verði vanskil á greiðslu leigugjalds er Vodafone heimilt að taka búnað úr vörslu Kaupmanns.
- 7.4. Áhættustýring vegna afgreiðslubúnaðar
- 7.4.1. Kaupmaður skuldbindur sig til að fara í einu og öllu eftir reglum Vodafone, færsluhirðis og/eða kortasamtaka við notkun afgreiðslubúnaðar til að taka á móti greiðslukortum sem greiðslu fyrir vöru og/eða þjónustu.
- 7.4.2. Vegna áhættustýringar áskilur Vodafone sér rétt til að framkvæma nauðsynlegt eftirlit með afgreiðslubúnaði til að tryggja að farið sé að lögum og reglum. Kaupmaður skuldbindur sig til að hlíta í hvívetna öllum fyrirmælum Vodafone og veita aðgang að kerfum sínum í eftirlitsskyni.
- 7.4.3. Kaupmaður skal varðveita lykilorð/kaupmannskort afgreiðslubúnaðar með öruggum hætti. Lykilorðinu/kaupmannskortinu skal einungis dreift til starfsmanna Kaupmanns sem nauðsynlega þurfa á því að halda vegna starfa sinna. Kaupmaður ber ábyrgð á allri notkun á afgreiðslubúnaði í hans vörslu.

7.4.4. Verði bilun í rafrænum afgreiðslubúnaði ber Kaupmanni að tilkynna Vodafone það án tafar. Ef aðstæður breytast eða alvarlegar rekstrartruflanir verða hjá Kaupmanni getur Vodafone eða færsluhirðir lokað á aðgang að kerfinu án sérstaks fyrirvara.

7.4.5. Vodafone og færsluhirðir áskilja sér, í samstarfi við þjónustuaðila, rétt til að gera nauðsynlegar uppfærslur á hugbúnaði en mun leitast við að framkvæma uppfærslur þannig að sem minnst röskun verði vegna þeirra.

7.5. Rekstrarvörur: Vodafone mun bjóða Kaupmanni rekstrarvörur sem tengjast posa svo sem pappír og þar til gerða posa-standa gegn gjaldi sem birtist í verðskrá. Vodafone mun ávallt tryggja hagkvæmt verð á rekstrarvörum tengdum posa.

8. Yfirlýsing um skaðleysi og ábyrgðatakmarkun

8.1. Kaupmaður skal halda Vodafone skaðlausu af hvers konar tjóni, kröfum, aðgerðum, skaða, ábyrgðum, sektum, refsingum og kostnaði sem Vodafone kann að verða fyrir vegna eða í tengslum við aðgerðir eða aðgerðarleysi Kaupmanns, hvort sem það stafar af vanrækslu, ásetningi eða gáleysi Kaupmanns, umboðsaðila hans eða fulltrúa í tengslum við Kaupmannssamning aðila eða leiða af broti á samningi aðila. Þessi skaðleysisyfirlýsing skal ekki með neinum hætti takmarka þau lögbundnu réttindi sem Vodafone kann að njóta vegna mögulegra samningsbrota Kaupmanns.

8.2. Vodafone ber, undir engum kringumstæðum, ábyrgð gagnvart Kaupmanni á; missi hagnaðar, rekstartjóni, tapi á áætluðum sparnaði, skerðingu á viðskiptavild, refsikenndum skaðabótum eða annars konar óbeinu eða afleiddu tjóni Kaupmanns eða einhvers þriðja aðila.

8.3. Þá ber Vodafone ekki ábyrgð gagnvart Kaupmanni á þeim verkefnum sem færsluhirðir á að sinna skv. samningi þeirra á milli.

8.4. Ábyrgð Vodafone á öllu tapi, kröfum eða tjóni sem stafar af eða frá brotum á Kaupmannssamningi aðila, takmarkast við þá fjárhæð gjalda sem Vodafone fær greitt frá Kaupmanni í tengslum við greiðsluþjónustu í gegnum beina innheimtuseðla frá Vodafone á sex (6) mánaða tímabili fyrir brotið. Ef takmörkun á tjóni er talin ganga lengra en lög heimila skulu skilmálar þessir gilda að því marki sem lög leyfa.

8.5. Ábyrgð Vodafone er í öllu falli háð því að Kaupmaður hafi að öðru leyti efnt skyldur sínar, gætt varúðarskyldu og hagað afgreiðslu viðskiptanna að öllu leyti í samræmi við fyrirmæli laga, Kaupmannssamnings aðila og eftir atvikum sérsamninga milli aðila.

8.6. Vodafone tekur ekki að sér milligöngu eða ábyrgð vegna ágreinings sem rísa kann á milli Kaupmanns og korthafa vegna gæða vöru eða þjónustu sem greitt er fyrir með greiðslukorti.

8.7. Verði einhver mistök, truflanir eða tafir á þjónustu Vodafone á grundvelli Kaupmannssamningsins skal ábyrgð Vodafone takmarkast við að lagfæra slík mistök, truflanir eða tafir, svo fljótt sem auðið er.

9. Heimildir til framsals og útvistar

9.1. Kaupmanni er óheimilt að framselja rétt til notkunar á afgreiðslubúnaði sem leigður hefur verið af Vodafone nema til aðila sem uppfylla skilyrði Vodafone til framsals enda hafi viðkomandi aðili samning við Vodafone. Framsal Kaupmanns til annarra en þeirra sem uppfylla skilyrði Vodafone og ekki hafa samning við Vodafone er með öllu óskuldbindandi gagnvart Vodafone.

9.2. Kaupmanni er, að gr. 8.1. undanskilinni, með öllu óheimilt að framselja eða flytja að hluta eða fullu réttindi sín eða skyldur samkvæmt Kaupmannssamningi, nema að fengnu skriflegu samþykki Vodafone.

9.3. Vodafone skal vera frjálst að framselja samning þennan, að hluta eða að fullu, án þess að þurfa að afla sérstaks samþykkis Kaupmanns eða annarra fyrir slíkri ráðstöfun. Inni í þessu felst að Vodafone hefur heimild til þess að skipta um færsluhirði sem annast færsluhirðingu til Kaupmanns gagnvart kortasamsamtökunum. Slík breyting mun hafa það að markmiði að Kaupmaður og hans viðskiptavinir verði ekki fyrir raski eða fjárhagslegu tjóni. Kaupmaður þarf í þeim tilfellum að skrifa undir nýjan

samning við nýjan færsluhirði og mögulega þurfa að fara í gegnum nýja áreiðanleikakönnun. Vodafone mun ávallt leita leiða til þess að bjóða Kaupmanni bestu möguleg kjör hverju sinni og þarf því að hafa möguleika á að skipta um færsluhirði sé þess þörf til að tryggja góða þjónustu, kjör eða rekstraröryggi. Þá skal Vodafone jafnframt vera frjálst að nýta sér þjónustu umboðsaðila eða undirverktaka til að sinna skyldum sem hvíla á Vodafone skv. Kaupmannssamningi en slík vinna skal þó ávallt unnin á ábyrgð Vodafone gagnvart Kaupmanni.

10. Breytingar á skilmálum og Kaupmannssamningi

- 10.1. Vodafone áskilur sér rétt til að gera breytingar á skilmálum þessum og verðskrá Vodafone fyrir færsluhirðingu og skulu þær tilkynntar Kaupmönnum í rafrænni tilkynningu sem send er á uppgefið netfang Kaupmanna eða með öðrum sannanlegum hætti áður en ný eða breytt ákvæði taka gildi. Auk þess eru nýir skilmálar kynntir fyrir gildistöku þeirra á vefsvæði Vodafone. Breytingar taka gildi hafi ekki komið fram skrifleg uppsögn á Kaupmannssamningi af hálfu Kaupmanns innan tveggja (2) vikna frá útsendingardegi tilkynningu um breytingu.
 - 10.2. Vodafone er þó heimilt að gera breytingar á skilmálum með skemmri fyrirvara en mælt er fyrir um í gr. 9.1. ef slíkar breytingar á skilmálum eru nauðsynlegar samkvæmt lögum eða kröfum kortasamtakanna. Í slíkum tilvikum þar sem fyrirvarinn kann að vera skemmri skal Vodafone leitast við að tilkynna slíkar breytingar eins fljótt og mögulegt er.
 - 10.3. Komi fram mótmæli vegna breytinga skv. gr. 9.1. eða gr. 9.2. skal reynt að ná sáttum en takist það ekki innan eins mánaðar frá því að mótmæli koma fram er Kaupmannssamningur svo og mögulegir sérsamningar þar með fallnir úr gildi.
 - 10.4. Til viðbótar við framangreint áskilur Vodafone sér rétt til að gera breytingar á þjónustugjöldum, hvenær sem er og án fyrirvara.
 - 10.5. Vodafone skal tilkynna Kaupmanni breytingar á Kaupmannssamningi með því að senda tilkynningu á netfang sem Kaupmaður hefur gefið upp.
 - 10.6. Ef Kaupmaður samþykkir ekki breytingar á Kaupmannssamningi getur hann sagt Kaupmannssamningnum upp skriflega og tekur uppsögnin þá gildi samstundis án kostnaðar. Uppsögn Kaupmanns samkvæmt þessu ákvæði þarf að vera send Vodafone í síðasta lagi degi fyrir gildistöku tilkynntra breytinga.
- 11. Óviðráðanleg atvik (Force Majeure).** Komi til meiriháttar óviðráðanlegra og ófyrirséðra atvika eða aðstæðna sem varna því að aðilar geti efnt skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum (e. force majeure) skulu þeir ekki bera ábyrgð á tjóni sem af því kann að hljóta. Á meðan aðila er ómögulegt að efna samning þennan af framangreindum ástæðum skal litið svo á að skyldur beggja aðila samkvæmt honum séu óvirkar þar til báðum aðilum er mögulegt er að efna samninginn á ný. Undir framangreind tilvik falla meðal annars verkföll, verkbönn, samgöngubönn, tölvuárásir, farsóttir, náttúruhamfarir, styrjaldir, óeirðir og hryðjuverk.
- 12. Gildistími, uppsögn og lok samnings**
- 12.1. Skilmálar þessir skulu gilda frá og með þeim tíma sem Kaupmannssamningurinn tekur gildi. Kaupmannssamningurinn skal taka gildi við undirritun Kaupmannssamnings af hálfu Kaupmanns eða eftir atvikum þegar Kaupmaður móttækur afgreiðslubúnað eða byrjar að taka við greiðslukortum sem greiðslu fyrir vöru og þjónustu en þá telst hann hafa samþykkt þessa skilmála. Samningurinn er ótímabundinn og gildir þar til annar hvor aðili segir honum upp með formlegum hætti.
 - 12.2. Hvorum aðila um sig er heimilt að segja upp Kaupmannssamningi og skilmálum þessum. Skal samningnum sagt upp skriflega og fellur hann þá úr gildi tveimur (2) mánuðum eftir móttöku uppsagnarbréfs frá og með næstu mánaðamótum eftir uppsögn. Allar samningsskyldur aðila haldast á uppsagnarfresti.

- 12.3. Þrátt fyrir ákvæði í gr. 12.2 er Vodafone heimilt að rifta Kaupmannssamningi við Kaupmann án fyrirvara og fellur hann þá þegar úr gildi ef:
- 12.3.1. Færsluhirðir í samstarfi við Vodafone segir upp samningi sínum við Kaupmann þannig að Kaupmaður hefur ekki lengur gildan og virkan færsluhirðingarsamning við færsluhirði sem er í samstarfi við Vodafone.
 - 12.3.2. Færsluhirðir, kortasamtök og/eða yfirvöld krefjast þess eða beina því til Vodafone að hætta viðskiptum við Kaupmann;
 - 12.3.3. Vodafone er það skylt samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum að hætta viðskiptum við Kaupmann og/eða það væri ólöglegt fyrir Vodafone að halda áfram að veita þjónustu til Kaupmanns;
 - 12.3.4. Vodafone telur að Kaupmaður hafi brotið gegn einhverjum ákvæðum laga, stjórnvaldsfyrirmæla og/eða reglum kortasamtaka;
 - 12.3.5. Kaupmaður vanefnir skyldur sínar eða brýtur á annan hátt gegn Kaupmannssamningi þ.m.t. skilmálum þessum. Vanefnd á einum Kaupmannssamningi jafngildir vanefnd á öðrum Kaupmannssamningi eða Kaupmannssamningum sem mögulega eru skráðir á sömu kennitölu. Þá jafngildir vanefnd á mögulegum sérsamningum Kaupmanns jafnframt vanefnd á öðrum samningum við Vodafone;
 - 12.3.6. Hvers kyns upplýsingar eða yfirlýsingar sem Kaupmaður hefur gefið fyrir eða á gildistíma samnings eru rangar, misvísandi eða á annan hátt ófullnægjandi að mati Vodafone, eða viðvarandi upplýsingaskyldu hefur ekki verið fullnægt í samræmi við skilmála þessa,
 - 12.3.7. Kaupmaður breytir starfsemi sinni þannig að meginstarfsemi Kaupmanns verður önnur en við undirritun samnings þessa, umtalsverð breyting verður að mati Vodafone á veltu Kaupmanns eða fjölda færslna;
 - 12.3.8. Starfsemi Kaupmanns er að mati Vodafone ekki í samræmi við góða viðskiptahætti;
 - 12.3.9. Ef einhverjir þeir atburðir verða í rekstri eða hegðun Kaupmanns sem samkvæmt einhliða mati Vodafone eru þess eðlis að viðskiptasamband Vodafone við Kaupmann kunni að stefna viðskiptavild eða orðspori Vodafone, færsluhirðis eða kortasamtaka í hættu eða slíkir atburðir leiða til gruns um svik eða lögbrot í starfsemi Kaupmanns;
 - 12.3.10. Kaupmaður, starfsmenn hans, umboðsaðilar eða aðrir sem hann ber ábyrgð á gerast sekir um svik eða sambærileg brot af ásetningi eða stórfelldu gáleysi eða Vodafone telur að slíkir aðilar hafi, séu að eða muni stunda ólögsmætar aðgerðir. Fella skal að jöfnu stórfellt gáleysi og almennt gáleysi þar sem fjárhæðir eru miklar og/eða aðilar hefðu átt að vita betur, voru varaðir við eða stunduðu áhættusöm viðskipti;
 - 12.3.11. Kaupmaður vanefnir skyldur sínar til að greiða gjaldfallin gjöld samkvæmt Kaupmannssamningi, mögulegum sérsamningum eða skilmálum þessum lengur en í þrjátíu (30) daga;
 - 12.3.12. Alvarlegar rekstrartruflanir verða hjá Kaupmanni; og/eða
 - 12.3.13. Árangurslaust fjárnám er gert hjá Kaupmanni, hann óskar eftir nauðasamningum eða greiðslustöðvun eða krafa kemur fram um að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta. Hvers kyns tryggingaráðstöfun eða trygging Kaupmanns gagnvart færsluhirði sem tengist framkvæmd samnings þessa er sagt upp, er ógild, fellur úr gildi af öðrum ástæðum eða reynist ófullnægjandi að mati Vodafone.
- 12.4. Vodafone hefur fjórtán daga frest til að falla frá Kaupmannssamningi við Kaupmann sem hefur ekki mótttekið afgreiðslubúnað eða er ekki byrjaður að taka á móti færslum á grundvelli

Kaupmannssamningsins, með tilkynningu til Kaupmanns. Vodafone þarf ekki að tilgreina ástæðu fyrir ákvörðun sinni um að falla frá samningi og skal ekki bera neinn kostnað vegna neytingar slíks réttar.

12.5. Vodafone hefur heimild til að fella Kaupmannssamning úr gildi ef Kaupmaður hættir rekstri eða ef engin velta hefur komið frá Kaupmanninum í tengslum við samninginn í tólf (12) mánuði eða ef engin velta hefur komið frá Kaupmanni í tólf (12) mánuði frá stofndegi samnings.

12.6. Tilkynning um riftun er send á skráð netfang Kaupmanns hjá Vodafone.

13. Ágreiningsmál, lög og varnarþing

13.1. Kaupmaður skuldbindur sig til að svara með skjótum hætti hvers kyns fyrirspurnum frá korthöfum og skal leitast við að leysa allan ágreining í sem mestri sátt við korthafa.

13.2. Komi upp misræmi milli skilmála þessara og skilmála þess færsluhirðis í samstarfi við Vodafone sem Kaupmaður hefur samning við, skulu skilmálar færsluhirðis gilda.

13.3. Komi upp ágreiningsmál um framkvæmd samnings þessa á samningstíma, skulu aðilar reyna að fullum heilindum að ná sáttum. Fáist ekki úrlausn ágreiningsmála með framangreindum aðferðum, skal bera málið undir Héraðsdóm Reykjavíkur.